

MINNISBLAÐ

Til: **Stafrænt ráð Reykjavíkurborgar**
Frá: **Ríkiskaupum**
Vegna: **Gagnaþon**
Dagsetning: **11. September 2023**

Gagnaþon:

Við hjá Ríkiskaupum stefnum að því að vera með gagnaþon í samstarfi við HR og HÍ. Við áætluðum að viðburðurinn fari fram 16-19 október.

Með ákveðinni einföldun má segja að markmið okkar með gagnaþoni séu eftirfarandi:

- Sýna almenningi að ríki og einkaaðilar geti unnið saman með hagsmuni almennings að leiðarljósi.
- Fá aukna innsýn í hvað einkaaðilar eru að gera með gögnin.
- Sýna nemendum fram á að ríkisstofnanir séu spennandi vinnustaðir.

Planið er að gefa nemendum aðgang að sögulegum innkaupagögnum ríkisins og leggja sérstaka áherslu á sparnað í opinberum rekstri. Við myndum líklega setja nokkur afmörkuð verkefni og veita verðlaun fyrir bestu lausnina í hverjum flokki.

Hugmyndir að verkefnum:

- Besta tækifærið til sameiginlegra innkaupa út frá hagkvæmni
- Mesti sparnaðurinn
- Besta framsetning á gögnum

Við erum komin með nokkra samstarfsaðila úr einkageiranum sem geta veitt smá innsýn í hvernig þau nýta gögn til að veita nemendum innblástur, taka þátt í dómnefnd og koma að verðlaunum fyrir nemendur. Eins og staðan er núna þá hafa Origo, Marel, Íslandsbanki og Dominos sýnt áhuga að standa að gagnaþoninu með einum eða öðrum hætti enda sjá þau gríðarleg tækifæri í því að fá betri tengingu við nemendur þar sem þau eru öll að lenda í vandræðum að ráða inn hæfa gagnasérfræðinga hérlendis. Til gamans má geta að þá hefur yfirmaður gagnamála hjá Marel, sem búsett er í Hollandi, tilkynnt komu sína til landsins fyrir gagnaþonið.

Þátttaka Reykjavíkurborgar:

Við hjá Ríkiskaupum óskum eftir því að Reykjavíkurborg verði samstarfsaðili að gagnaþoni Ríkiskaupa. Í því felst:

- Stutt kynning frá Reykjavíkurborg fyrir nemendur á gagnahlaðborðinu.
- 1-2 klst ráðgjöf fyrir nemendur frá starfsmanni gagnþjónustunnar
- 1 klst ráðgjöf frá starfsmanni Stafrænnar Reykjavíkur
- Tækifæri fyrir borgina að leggja fram sérstakt verkefni fyrir nemendur út frá ykkar opnu gögnum sem verða notuð í gagnaþoninu og nemendur vinna með.

Við erum ekki að biðja um fjármagn en stefnt er að því að einkaaðilar sjái um að greiða fyrir verðlaun. Ríkiskaup, í samstarfi við HR og HÍ, munu útvega aðstöðu fyrir nemendur.

Tækifæri í gagnasamstarfi

Ríkið kaupir vörur og þjónustu fyrir 317 ma. kr. á ári. Verulegum hluta af tekjum hins opinbera er varið í innkaup og fyrir vikið eru hagkvæm innkaup grundvallar forsenda fyrir góðri nýtingu á því fé sem opinberum aðilum er falið til ráðstöfunar. Með sameinuðum kaupkrafti opinberra aðila náum við hagkvæmari kjörum og ásættanlegum gæðum. Aðild að rammamningum Ríkiskaupa tryggir kjör í ríflega 50 vöru- og þjónustuflokkum sem hefur gert opinberum aðilum kleift að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri.

Ríkiskaup vinnur nú að því að greina öll innkaupagögn ríkisins, m.a. út frá upplýsingum úr rafrænum reikningum. Markmið þeirrar greiningarvinnu er að búa til aðgengilegt mælaborð um innkaup þar sem fram koma upplýsingar sem nýst geta við vöruflökkastjórnun og gerð rammamninga, tækifærisgreininga á sameiginlegum innkaupum opinberra aðila og aukinni hagkvæmni með reglubundnu eftirliti, til rekstrarráðgjafar til opinberra aðila og viðskiptastjórnun gagnvart birgjum, kaupendum og öðrum haghöfum ríkisins.

Með greiningu sögulegra gagna verður hægt að meta framtíðar innkaupapörf stofnana og þar með einfalda áætlanagerð til muna, skapa tækifæri til sparnaðar og hagræðingar, með því að einangra tækifæri til sameiginlegra innkaupa, þvert á ríkið í heild sinni.

Greiningarnar hafa nú þegar leitt í ljós tækifæri til aukinnar hagkvæmni í innkaupum á rekstrarþungum liðum á borð við hugbúnað og útgjöldum sem tengjast daglegum rekstri.

Gríðarleg tækifæri liggja í gögnunum og með því að auðga þetta gagnasafn og auka á gagnasamstarf milli innkaupadeilda er hægt að ýta af stað hagræðingar verkefni þvert á ríkið og sveitarfélög. Því viljum við gjarnan opna á frekari gagnasamstarf milli Ríkiskaupa og innkaupateymis Reykjavíkurborgar.